lifir í hjónabandi við móður barnanna, þá leiði eigi þar af, að stjúpbörn hafi lagaskyldu til þess að framfæra stjúpforeldra sína, en að öðru leyti getur hreppsnefndaroddviti þessi leitað úrslita dómstólanna um þetta mál. 30 19. febr.

Brjef landshöfðingja *til stiptsyfirvaldanna* **um kjörbækur við prestakosningar.** — Í þóknanlegu brjefi 12. þ. m. hafa hin heiðruðu stiptsyfirvöld beiðst úrlausnar minnar úr eptirfylgjandi fyrirspurnum prófastsins í Rangárvalla prófastsdæmi, viðvíkjandi framkvæmd á lögum 8. jan. f. á., um hluttöku safnaða í veitingu brauða: 31 21. febr.

1., hvort prófastsdæminu eigi ekki að tilleggjast slíkar kjörbækur, sem nefndar eru í 6. gr. nefndra laga, og sje svo, þá í hverju formi og með hverju fyrirkomulagi,

2., á hvers kostnað þær eigi að tilleggjast,

3., hver eigi að löggilda þær.

Út af þessu vil jeg hjermeð þjónustusamlega tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar það er nú skal sagt.

Um 1. Hvert prófastsdæmi á landinu á að hafa kjörbók, er hlutaðeigandi kjörstjórnir skulu í rita skýrslu um það, sem gjörist á hverjum prestakosningarfundi í prófastsdæminu, og skal þá einnig innfæra sjálfa atkvæðagreiðsluna í kjörbókina í sama formi og hún á að sjást af kjörskránum. En kjörskrárnar eiga að vera lagaðar eins og kjörskrárnar til alþingis, þannig að þær innihaldi í sjerstökum dálkum nöfn kjósenda, aldur þeirra, stjett og heimili, og skal á þeim vera autt rúm útundan nafni hvers kjósanda, þar sem í skal ritað nafn þess, er hann kýs.

Um 2. Kostnaður við útvegun kjörbókanna verður greiddur úr landssjóði.

Um 3. Það virðist rjett, að biskupinn löggildi kjörbækurnar.

Skýrsla 32

um styrktarsjóði prestaskólans við árslok 1886.

1. Prestaskólasjóðurinn.

Tekjur:

1. Eptirstöðvar við árslok 1885:			
a, kgl. skuldabrjef	kr. 3100,00		
b, veðskuldabrjef einstaks manns	— 300,00		
c, peningar hjá forstöðumanni prestaskólans	— 32,60	kr.	3432,60
2. Vextir á árinu 1886:			
a, af kgl. skuldabrjefum	kr. 124,00		
b, af skuldabrjefi einstaks manns	— 12,00		
c, af peningum í sparisjóði	— 0,87	—	136,87
		kr.	3569,47

Útgjöld:

1. Styrkur veittur stúdentum		kr.	100,00
2. Eptirstöðvar við árslok 1886:			
a, kgl. skuldabrjef	kr. 3100,00		
Flyt	kr. 3100,00	kr.	100,00